



Á iðjagrænu gervigrasinu við Hagaskóla voru þessir piltar í fótbolta þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að garði í gær. Þeir létu hvorki hann né heimsfaraldurinn trufla sig við knattleikinn og sendu boltann fimlega á milli sín og skutu á markið þegar færi gafst. Á þessum síðustu tímum fækkar mjög því sem ungvíðið getur dundað sér við og hefur spark- og gervigrasvöllum sums staðar verið lokað á höfuðborgarsvæðinu og víðar með það að markmiði að fækka mögulegum smitleiðum og frekari lokanir eru til skoðunar. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON.

## Tugir refsidóma gætu fyrnst

Tugir refsidóma gætu fyrnst á árinu. Hættulegir dómþolar hefja afplánun meðan neyðarstig er í gildi. Fjölgun gæsluvarðhaldsfanga hefur einnig áhrif. Verr gengur að finna verkefni fyrir samfélagsþjónustu.

**FANGELSISMÁL** Fari allt á versta veg gætu þrjátíu refsingar fyrnst á árinu. Þetta kemur fram í svari Fangelsismálastofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins. Í fyrra fyrndust 16 refsingar sem var töluverður árangur frá árinu á undan þegar 35 refsingar fyrndust.

Meðan neyðarstig viðbragðsáætlunar er í gildi verða ekki teknir inn fangar nema í ytrustu neyð og þá aðeins þeir dómþolar sem teljast hættulegir umhverfinu.

Um 600 manns eru nú á boðunarlista Fangelsismálastofnunar en þeir voru 552 í árslok 2019. Um 86 prósent þeirra eiga að afplána

stutta dóma, eitt ár eða minna. Af þeim eru rúmlega fimmtíu farnir úr landi, flestir útlendingar sem fengu dóma fyrir skjalafals og brot á útlendingalögum. Þá hefur 77 verið heimilað að ljúka afplánun með samfélagsþjónustu en neyðarstig almannavarna og samkomubann hafa þó þau áhrif að verr gengur að útvega þeim verkefni.

Páll Winkel forstjóri Fangelsismálastofnunar segir að boðunarlistinn hafi tekið töluverðum breytingum á undanförunum árum. Þegar hætt var að úrskurða þá sem komu til landsins á fölsuðum skilríkjum í gæsluvarðhald bættust þeir í stað-

●● Það hefur orðið alger sprenging í fjölda gæsluvarðhaldsfanga og í raun slegið fjöldamet mánuð eftir mánuð.

Páll Winkel forstjóri Fangelsismálastofnunar



inn á boðunarlista í kjölfar dóms. Þegar röðin komi að þeim hafi þeim í flestum tilvikum þegar verið vísað úr landi.

Páll segir fleira en farsóttina hafa áhrif á hvaða fjölda fangelsin geti tekið inn til afplánunar á hverjum tíma. „Það hefur orðið alger sprenging í fjölda gæsluvarðhaldsfanga og í raun slegið fjöldamet mánuð eftir mánuð,“ segir Páll.

Til afplánunar á síðasta ári komu inn 206, en dómþolar voru þó innan við helmingur þeirra sem alls komu til vistar í fangelsi því auk þeirra komu 177 til gæsluvarðhaldsvistar og 57 til afplánunar vararefsinga. – aa

## Breytingar á aðgerðapakka í farvatninu

**EFNAHAGSMÁL** Meðal breytinga sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis leggur til á aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar vegna kórónaveirunnar er að banna arðgreiðslur fyrirtækja sem njóta ríkisábyrgðar á brúarlánum. Þá verði þeim einnig óheimilt að kaupa eigin hlutabréf.

Í upphaflegum áformum ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir að ríkisábyrgð væri möguleg á allt að helmingi lánsfjárhæðar en nefndin leggur til að það hlutfall verði aukið í 70 prósent. Við það myndi heildarábyrgð ríkisins hækka úr 35 milljörðum króna í 50 milljarða. Þá er meðal tillagnanna að opinberum gjalddögum fyrir tækja verði frestað enn frekar en áformað var. – jp

## Átt þú rétt á slysabótum?

Við hjálpum þér að leita réttar þíns



# TORT

INNHEIMTA SLYSABÓTA



UMFERÐARSLYS



VINNUSLYS




FRÍTÍMASLYS

HAFÐU SAMBAND



511 5008

## Veður



Suðvestan 15-23 m/s á norðanverðu landinu í dag, 8-15 sunnantil, en hvassara í vindstrengjum við fjöll. Rigning eða súld á vesturhelmingi landsins en annars bjart. Hiti 3 til 11 stig, mildast SA-lands. **SJÁ SIÐU 20**

## Varaði við því að leita í áfengi núna

**COVID-19** Heildarfjöldi COVID-19 tilfella fór yfir þúsund smit í gær þegar 57 bættust við. Er því heildarfjöldinn orðinn 1020. Langflest tilfelli greindust á veirufræðideild Landspítalans en hlutfallið hjá Íslenskri erfða-greiningu var aðeins 0,4 prósent. Eða 2 tilfelli af 490 sýnum.

Alls hafa 15.500 sýni verið tekin, eða úr 4,3 prósentum þjóðarinnar, og birgðastada sýnatökupinna í lagi.

Alma Möller, landlæknir, sagði á blaðamannafundi Almannafróðunarinnar í gær að faraldurinn væri í hæðum vexti, ekki veldisvexti.

Hins vegar væru verstu spár að ganga eftir varðandi gjörgæslutílfellin. 25 COVID-19 sjúklingar dvelja nú á Landspítalanum, 9

# 57

tilfelli bættust við í gær og heildarfjöldinn nú er 1020.

Þeirra eru á gjörgæsludeild og 7 í öndunarvél.

Um 9500 manns eru nú í sóttkví og Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn brýndi fyrir fólki að virða samkomubann. Of margar tilkynningar um að leiðbeiningum væri ekki fylgt og að gera þyrfti ráðstafanir til að fylgja banninu eftir. „Það er komið af stað,“ sagði Víðir.

Í ljósi fréttu um aukna áfengisneyslu varaði Alma fólk við að leita í áfengi á þessum tíma. Áfengi veiki bæði ónæmiskerfið og bitni á dómgreind fólks. Þá væri hætt á auknu heimilisofbeldi og að börnum sé ekki sinnt. – khg

## Ég berst á fáki fráum fram um veg



Yfirskrift þessarar myndar eru upphafslínur úr ljóðinu Sprettur eftir Hannes Hafstein. Margir notuðu gærdaginn til að viðra gæðinga sína og hefur það örugglega verið kærkomin stund fyrir bæði hesta og menn. Enda fátt meira frelsandi en þegar gola kyssir kinn, eins og segir í ljóðinu. Þessir tveir voru teknir til kostanna á Kaldárselsvegi í Hafnarfirði um miðjan gærdaginn og létu vel að öruggri stjórna knapa síns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vélsleðaslys við Veidivötn

**SLYS** Vélsleðaslys varð við Veidivötn á Suðurlandi í gær þar sem þrjár slösudust, kona á miðjum aldri alvarlega en aðrir með minni meiðsli. Sleði hennar fór fram af hengju og annar á eftir sem lenti á henni. Lélegt skyggni var og snjóblindu.

# 50

manns tóku þátt í aðgerðinni og þyrta var kölluð út.

Þjörgunarsveitir voru kallaðar út klukkan hálf þrjú og 50 manns tóku þátt í aðgerðinni. Samferðafólk konunnar flutti hana til móts við sveitirnar og mættust þau klukkan fjögur. Þyrta Landhelgisgæslunnar var send af stað til að sækja konuna og einn annan slasaðan. Lenti þyrta um sexleytið í gær við Landspítalann í Fossvogi. – khg

# Verða klárari af því að tefla en Youtube-glápi

Tæplega tvö hundruð börn tóku þátt í fyrstu netskáknotunum sem Kristófer Gautason, skákkennari, stóð fyrir síðastliðinn fimmtudag, á Chess.com, vinsælasta skákkjöni veraldar. Mikil þátttaka kom Kristófer í opna skjöldu.

**SAMFÉLAG** Skákkennarinn Kristófer Gautason ákvað með skömmum fyrirvara að bjóða upp á netskáknot fyrir íslensk börn á vinsælasta skákkjöni heims, Chess.com. Hann renndi blint í sjóinn með þátttökuna á fyrstu mótunum sem fóru fram á fimmtudaginn, en 177 börn mættu til leiks sem Kristófer segir hafa komið sér í opna skjöldu.

„Það var afar ánægjulegt að sjá þessa miklu þátttöku. Skákin er nánast hönnuð fyrir netið og því mjög skemmtilegt að geta kynnt börn fyrir þessum möguleika til að keppa við jafnaldra og stytta sér stundir“ segir Kristófer.

Hann hafði samband við öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og að endingu tóku fimm þeirra þátt, Reykjavík, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur og Mosfellsbær. „Ég skipulagði sér mót fyrir hvert bæjarfélag á fimmtudaginn og fékk ómetanlega hjálp frá sveitarfélögunum sem sendu út tilkynningar til allra foreldra um mótin,“ segir Kristófer.

Hann hyggst einnig bjóða upp á skáknot fyrir eldri borgara og tólf höfðu skráð sig í hópinn um hádegi á föstudag. „Það eru fjölmargir eldri borgarar sem tefla á netinu, en ég reyndi að fá þá sem tefla kannski ekki að staðaldri til að taka þátt. Það fer ágætlega af stað. Þeir sem hafa skráð sig eru ekki reglulegir gestir á hefðbundnum skáknotum en vonandi bætast fleiri við,“ segir Kristófer.

Hann hyggst standa fyrir öðru móti fyrir börn í dag, laugardag, og síðan halda áfram að bjóða upp á tvö mót í viku á fimmtudögum og laugardögum. „Það hafa fjöl-



Kristófer Gautason bjóst ekki við svo gríðarlegri þátttöku barna í netskáknotum og raunin varð í liðinni viku. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Skákin er nánast hönnuð fyrir netið.

mörg íslensk börn bæst í hópinn á Chess.com og mér sýnist að skráningarnar séu vel yfir þrjú hundruð talsins. Ég vona því að næstu mót verði enn stærri.

Kristófer ætlar þó ekki að láta höfuðborgarsvæðið duga heldur er allt landið undir. „Skáksamband

Íslands hefur hjálpað mér við að senda nokkrum sveitarfélögum út á landi boð um þátttöku og viðbrögðin hafa verið mjög jákvæð. Það mun því vonandi bætast vel við hópinn á næstunni,“ segir Kristófer.

Hann segir að þátttaka í stuttu skáknoti á netinu sé góð tilbreyting á þessum einkennilegu tímum þar sem ofgnótt er af frítíma. „Ég er að minnsta kosti handviss um að krakkar verði klárari af því að tefla en að horfa á Youtube,“ segir Kristófer brosand.

[bjornth@frettabladid.is](mailto:bjornth@frettabladid.is)



með fylltum lakkrís



# Lagersala

## Eingöngu í vefverslun

Hefst 30. mars kl. 12:00  
og stendur til 5. apríl



### Allt að 80% afsláttur og frí heimsending

#### Fullorðnir



Vatnajökull Primaloft jakki  
~~32.000 kr.~~ 22.400 kr.



Bylur ullarpeysa  
~~26.000 kr.~~ 18.200 kr.



Arnarhóll regnkápa  
~~28.000 kr.~~ 14.000 kr.



Dalvík stuttermabolur  
~~7.000 kr.~~ 4.200 kr.



Laugardalur jakki  
~~29.000 kr.~~ 14.500 kr.



Sandvík jakki  
~~14.000 kr.~~ 7.000 kr.



1926 peysa  
~~11.500 kr.~~ 5.750 kr.



Esja ullarhúfa  
~~4.900 kr.~~ 2.450 kr.



Grettir hlaupabuxur  
~~12.000 kr.~~ 8.400 kr.



Keilir Gore Infinum anorakkur  
~~35.000 kr.~~ 24.500 kr.



Snæfell NeoShell jakki  
~~55.000 kr.~~ 27.500 kr.



Öxi jakki  
~~25.000 kr.~~ 15.000 kr.

#### Krakkar



Bragi dúnúlpa  
~~36.900 kr.~~ 22.140 kr.



Svanur dúnúlpa  
~~19.900 kr.~~ 11.940 kr.



Fróði peysa  
~~7.500 kr.~~ 4.500 kr.



Spói merino ullarhúfa  
~~2.900 kr.~~ 2.030 kr.

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur. Vegna aðstæðna er afgreiðslutími pantana lengri en venjulega.

# Vísitala neysluverðs hækkaði milli tveggja síðustu mánaða

**VIÐSKIPTI** Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,23 prósent frá febrúar til mars á þessu ári. Vísitala neysluverðs miðuð við verðlag í mars 2020 er 475,5 stig, án húsnæðis er hún 404,7 stig sem er 0,10 prósent hækking frá því mánuðinn á undan. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. Þar er einnig tekið fram að mælingin hafi verið unnin áður en bera fór á



Oliuverð lækkaði um 2,6 prósent. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

neyslubreytingum vegna COVID-19 faraldursins á Íslandi. Þó sé ljóst að áskoranir muni koma fram við mælingar næstu mánuði vegna faraldursins.

Hækkað verð á fötum og skóm um 4,5 prósent hafði áhrif á vísitöluna um 0,19 prósent síðasta mánuðinn. Þá hækkaði kostnaður vegna búsetu í eigin húsnæði um 0,9 prósent og verð á flugfargjöldum lækkaði um

10,1 prósent og hafði lækkandi áhrif á vísitölu neysluverðs um 0,15 prósent. Bensín- og olíuverð lækkaði um 2,6 prósent á sama tímabili.

Vísitala neysluverðs samkvæmt útreikningi í mars 2020 gildir til verðtryggingar í maí 2020. Vísitala fyrir eldri fjárskuldbindingar, sem breytast eftir lánskjaravísitölu, er 9.383 stig fyrir maí 2020. – bđj

## Loka völlum í Kópavogi til að bregðast við myndun hópa

Í Kópavogi hefur spark- og gervigrasvöllum verið lokað vegna myndunar hópa, sem stríðir gegn samkomubanni. Forseti ÍSÍ spyr hvort loka þurfi ekki fleiri svæðum. UMFÍ hefur borist hátt í 10 tilkynningar varðandi samkomubannið en framkvæmdastjóri segir flesta fylgja tilmælum yfirvalda.

**COVID-19** Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra sagði embættið hafa fengið 4 tilkynningar um íþróttæfingar, eina með 50 manns, í gær en dró það síðan til baka. Þetta væri ekki skipulagt affélögunum. Ungmennafélagi Íslands hefur hins vegar borist nálægt 10 tilkynningar.

„Við höfum komið skilaboðum okkar til viðkomandi félaga í þeim atvikum sem ratað hafa inn á okkar borð. Sumar tilkynningar hafa þó verið þess eðlis að ekki hafi verið hægt að greina félagið,“ segir Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ.

Samkomubann vegna COVID-19 faraldursins var hert úr 100 manns niður í 20 fyrir viku síðan. Var þá meðal annars líkamsræktarstöðvum, sundlaugum og skíðasvæðum lokað. Þá hafa heilbrigðis- og menntamálaráðuneyti mælt til að öllu íþrótt og æskulýðsstarfi barna og ungmenna, sem felur í sér blöndun og snertingu verði hætt meðan á banninu stendur. ÍSÍ og UMFÍ hafa gefið út yfirlýsingu þar sem því er treyst að íþróttafélög fari að tilmælum hins opinbera.

Auður segir að ýmis álitamál hafi komið upp, til dæmis hvort reiðhallir séu íþróttamiðstöðvar. Þá séu framkvæmdastjórar félaga að hringja til að spyrja ráða um hvað sé leyfilegt. „Allir sem við höfum rætt við eru samvinnufúsir. Fólk er að leita leiða til að stunda hreyfingu og fer kannski í sumum tilvikum aðeins of geyst,“ segir hún. Mestu máli skipti að ekki sé verið að nota sameiginlegan búnað, svo sem



Krakkar komast sums staðar inn á spark- og gervigrasvelli þó engar æfingar standi yfir. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

**Fólk er að leita leiða til að stunda hreyfingu og fer kannski í sumum tilvikum aðeins of geyst.**

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ



bolta. „Það eru um 500 íþróttafélög á landinu og langflest standa sig vel.“


Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, sagði að tilvikin 4, sem Víðir nefndi yrðu skoðuð. Eitt þeirra hafi þegar verið leyst en um hafi verið að ræða óskipulagða hópmyndun barna á gervigrasvelli Breiðabliks sem kallast Fagrilundur, en ekki æfingu á vegum félagsins. „Við leggjum áherslu á að fólk virði þetta bann og höfum staðið í þeirri trú að fólk geri það. Það er spurning hvort að þurfi ekki að beina skilaboðum til krakkanna og ef til vill loka þessum

svæðum,“ segir Lárus.

Íþróttavelli eru víða opnir og borið hefur á að íþróttafólk æfi saman í laumi. Hvað varðar Fagrilundur og aðra spark- og gervigrasvelli, ákvað Kópavogsbær að loka þeim á laugardag.

Í tilkynningu frá Breiðabliki eru iðkendur hvattir til að sinna heimaæfingum og einstaklings-þrógrammi sem þjálfarar hafa útbúið en engar skipulagðar æfingar eru á vegum félagsins og allt starf liggur niðri.

kristinnhaukur@frettabladid.is



### FRÉTTABLAÐID IS

**1** Korónaveirusmit kom upp á sängurdeild. Faðir barns hafði verið þar inni með móður þess í fimm daga áður en í ljós kom að hann var smitaður.

**2** Hafa fundið 130 stökkbreytingar á veirunni. Íslensk erfðagreining hefur raðgreint yfir 370 veirur á meðan allur heimurinn hefur samanlagt raðgreint 1.000.

**3** 17 ára dreng var vísað frá bráðamóttöku og lést skömmu síðar. Borgarstjóri Lancaster í Kaliforníu tengdi andlát hans við korónaveirufaraldurinn.

**4** „Með þessum uppsögnum er heil fagstétt nánast þurrkuð út“. Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa hvarmar ákvörðun framkvæmdastjórnar SÁÁ að grípa til uppsagna og skerða starfshlutfall áfengis- og vímuefnaráðgjafa.

**5** Prófa lyf á sjúklingum með COVID-19. Sjúkrahúsin sem munu taka þátt í tilrauninni í Noregi verða alls 22 talsins og verður öllum þeim sem eru sýktir af veirunni og eru eldri en 18 ára boðið að taka þátt.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is)

FRÉTTABLAÐID

Meira á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



### JEEP® OG RAM ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

Verkstæðið er viðurkennt þjónustuverkstæði fyrir Jeep®, RAM Trucks, Fiat, Dodge, Chrysler og Alfa Romeo. Jafnframt er það almennt bifreiðaverkstæði sem gerir við allar gerðir bifreiða.

**Pantið tíma í síma 534 4433 eða á [thjonusta@isband.is](mailto:thjonusta@isband.is)**

**STUTTUR BIÐTÍMI!**

Þjónustuverkstæði ÍSBAND sérhæfir sig í breytingum á Jeep® og RAM.

Smurþjónusta fyrir flestar tegundir bifreiða.

**SÆKJUM OG AFHENDUM BÍLA Í OG ÚR ÞJÓNUSTU Á STÓR-REYKJAVÍKURSVÆÐINU.**

**ALLIR BÍLAR SEM KOMA Í ÞJÓNUSTU TIL OKKAR ERU SÓTTBREINSÐIR VIÐ MÓTTÖKU OG AFHENDINGU.**

### VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN



Pallbílahús frá ARE



Úrval af felgum fyrir Jeep® og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.

ÍSBAND er umboðsaðili fyrir AEV sem sérhæfir sig í breytingum á Jeep®, Wrangler og RAM og TeraFlex sem sérhæfir sig í breytingum á Jeep®, Wrangler. ÍSBAND er með umboð fyrir pallbílahús frá ARE.



**ISBAND**

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK  
SÍMI 534 4433 • [THJONUSTA@ISBAND.IS](mailto:thjonusta@isband.is) • [WWW.ISBAND.IS](http://WWW.ISBAND.IS) • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00




# Við erum til staðar um mánaðamótið

Það eru ýmsar leiðir til að greiða reikninga þó að þjónusta Landsbankans fari nú fram í síma og með rafrænum hætti. Við sinnum aðeins brýnum erindum í útibúum eftir tímapöntunum en hvetjum viðskiptavini okkar til að nota símann, netbanka, netspjall og Landsbankaappið.

Nánari upplýsingar eru á [landsbankinn.is](https://landsbankinn.is).

## Það er þægilegt að greiða reikninga í netbanka eða Landsbankaappinu

Það tekur skamma stund að stofna netbanka með rafrænum skilríkjum. Einnig getur þú sótt Landsbanka-appið fyrir snjallsíma. Þannig getur þú með einföldum hætti greitt reikninga eða skráð þá í beiðgreiðslu en þá greiðast þeir sjálfvirkt á gjalddaga.



## Þú getur líka greitt reikninga í hraðbönkum

Ef þú átt greiðslukort getur þú greitt reikninga og sinnt helstu bankaviðskiptum í hraðbönkum þar sem einfaldar skjámyndir leiða þig í gegnum ferlið. Þú sérð yfirlit yfir staðsetningu þeirra í appinu eða á [landsbankinn.is/hradbankar](https://landsbankinn.is/hradbankar).



## Við erum til staðar í síma ef þig vantar aðstoð

Ef þú þarft á aðstoð að halda hvetjum við þig til að hafa samband í síma **410 4000**. Þú getur einnig pantað ráðgjöf, spjallað við okkur á [landsbankinn.is](https://landsbankinn.is) eða sent okkur fyrirspurn á [landsbankinn@landsbankinn.is](mailto:landsbankinn@landsbankinn.is).





Uppi voru sterkar og ólíkar skoðanir á Litlu hafpulsunni þegar hún stóð uppi í Tjörninni fyrir rúmu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR GUNNARSSON

## Býður Reykjavíkurborg Litlu hafpulsuna að gjöf

**MENNING** „Mér barst fjöldinn allur af áskorunum strax eftir að verkið var afhjúpað á Listahátíðinni Cycle haustið 2018. Aðallega voru þetta hvatningarraddir um að steypa skúlptúrinn í brons og koma honum svo aftur fyrir í Tjörninni,“ segir Steinunn Gunnlaugsdóttir listakona.

Verk hennar Litla hafpulsan vakti mikla athygli þegar það stóð í Reykjavíkurtjörn í desember árið 2018 og nú hefur Steinunn boðið Reykjavíkurborg verkið að gjöf. Nýtt eintak af verkinu yrði afhent borginni á þessu ári.

„Verkið var á sínum tíma mjög umdeilt svo ég geri ráð fyrir að í Borgarráði muni misjafnar skoðanir koma fram,“ segir Steinunn aðspurð um væntanleg viðbrögð borgarinnar. „Ég hef þó enn sem komið er aðeins mætt jákvæðni en ég bið spennt eftir svári hvort að skúlptúrnum verði veitt viðtaka,“ bætir hún við.

Í tillögu Steinunnar til borgarinnar kemur fram að hún sjálf muni standa allan straum af kostnaði við gerð verksins. Hún segir kostnaðinn afar háan og að leiðir til fjármögnunar verksins verði í takt við verkið sjálft, í gegnum einhverskonar lýðvirkjun. „Það er ekki steipt í brons hér á landi og því þarf að láta steypa verkið erlendis og flytja það heim,“ segir Steinunn.

Þann tíma sem verkið stóð uppi í Tjörninni segir Steinunn að það hafa vakið athygli um allan heim. „Viðbrögðunum er best lýst sem sprengingu, svo mikil voru þau, og það var mér gersamlega ómögulegt

Verkið var á sínum tíma mjög umdeilt svo ég geri ráð fyrir að í Borgarráði muni misjafnar skoðanir koma fram.



Steinunn Gunnlaugsdóttir, listakona

að sjá þau fyrir,“ segir hún. Daginn eftir að verkið var sett upp fékk Steinunn hundruð skilaboða frá bæði íslenskum og erlendum blaðamönnum, allir vildu þeir vita um hvað Litla hafpulsan snerist. Verkið hafði þá strax farið sem virus um internetið.

„Á meðan verkið stóð uppi var það ljósmyndað í bak og fyrir og einnig mikið notað í sjálfmyndir. Svo hafði fólk líka sterkar og ólíkar skoðanir á því og hafði gaman af að tjá þær á netinu og í raunheimi. Mest afgerandi fannst mér þó vera að verkið vektu upp gleði og kátinu,“ segir Steinunn.

„Þegar stytta svo brotnaði í miðjum desember 2018, rétt eftir fullveldisafmælið, þá höfðu margir samband við mig og voru hreinlega sorgmæddir yfir þessu. Í kjölfarið komu enn fleiri áskoranir um endurgerð Litlu hafpulsunnar og ég vona svo sannarlega að það takist því hún virðist eiga erindi við marga,“ segir Steinunn.

[birnadrofn@frettabladid.is](mailto:birnadrofn@frettabladid.is)



Mæðginin Rannveig og Huginn Þór standa að námskeiðinu fyrir eldri borgara ásamt góðum hópi. AÐSEND MYND.

## Leita að tækni til að kenna fólki á tækni

Mæðgin settu á fót námskeið til að kenna eldri borgurum á ýmis snjalltæki. Í samkomubanninu hyggjast þau nú nýta aðferðir fjarkennslu, en standa frammi fyrir þeirri áskorun að þurfa að nota tækni til að kenna fólki á tækni.

**SAMFÉLAG** „Okkur langaði að efla tæknifærni fullorðinna. Við náðum einu góðu námskeiði áður en öllu var skellt í lás. Núna erum við að leita leiða til að vera með fjarkennslu,“ segir Rannveig Ernudóttir, virkniþjálfari og umsjónarkona í félagsstarfi fullorðinna í Reykjavík. Í febrúar fór af stað námskeið í tæknilæsi fyrir eldra fólk, allt frá því að nota heimabanka til samfélagsmiðla.

Margt eldra fólk er nú í sjálfskipaðri sóttkví vegna COVID-19 faraldursins. Félagsmiðstöðvar fyrir fullorðna hafa verið lokaðar og heimsóknir á hjúkrunarheimili bannaðar. Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, sagði við Fréttablaðið nýverið að skrifstofan hefði vart undan að útvega leiðbeiningar fyrir snjalltæki.

„Þetta er oft lokaður heimur sem margir veigra sér við að fara inn í. Bæklingarnir sem Landssamband

eldri borgara gaf út eru algjör snilld, en það er ekkert sem kemur í staðinn fyrir beina kennslu og endurtekningar, fá fólk til að vera ekki smeykt við að prófa alla takkana á simanum,“ segir Rannveig.

Huginn Þór Jóhannsson, sonur Rannveigar, átti hugmyndina að námskeiðinu. Hann starfar einnig á velferðarsviði Reykjavíkurborgar ásamt því að vera nemandi í Tækniskólanum, þar áður var hann kennari hjá Skema, fyrirtæki sem heldur tækninámskeið fyrir börn og unglíng. Sjálf starfar Rannveig við félagsstarf á Dalbraut í Reykjavík. Fengu þau mæðginin gott teymi til liðs við sig við námskeiðið sem hófst í febrúar.

„Fyrsta námskeiðið gekk alveg glimrandi vel. Við vorum byrjuð að tala um einhvers konar fjarkennslu. Svo hefur lítið getað unnist í þessu vegna ástandsins. Núna hefur þörfin samt aldrei verið meiri,“ segir Rannveig. „Með því gefst okkur kost-

ur á að vera með kennslu fyrir miklu fleiri og á öllum stöðum á landinu.“

Vandinn er núna hvernig skipuleggja megi kennslu í gegnum tækni fyrir fólk sem þarf að læra tækni. „Við stefnum á að byrja að taka upp kennslumyndbönd á mánudaginn og setja þau á Facebook. Þeir sem kunna á tölvupóst geta nálgast efnið með því að senda okkur póst á tæknilaesisfullordinna@gmail.com,“ segir Rannveig. „Óskastaðan væri svo að koma þessu í sjónvarpið.“

Rannveig veit vel hvernig fólk liður þegar það kann ekki á tækni. „Ég gleymi því aldrei þegar amma mín, sem lést árið 2011, sagði mér að hún væri hætt að fá símreikninginn sinn. Svörin sem hún fékk þegar hún hringdi var að hún gæti nálgast allar upplýsingar á netinu. Hún sagði mér að henni myndist hún hreinlega ekki vera læs á umhverfið sitt lengur. Þetta hefur setið í mér síðan.“ [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

**BERRY ALLOC**  
**Harðparket**  
MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

**ALFABORG**  
- allt á gólfð -

Skútvogi 6  
104 Reykjavík  
Sími: 568 67 55  
[alfaborg.is](http://alfaborg.is)

## Hótar að reka heilbrigðisráðherrann

**BRASILÍA** Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, hótaði á laugardag að reka heilbrigðisráðherrann, Luiz Henrique Mandetta, ef hann gagnrýndi aðgerðir sínar til að bregðast við COVID-19 faraldrinum opinberlega. Mandetta hefur verið gagnrýninn á Bolsonaro, sem hefur talað hættuna niður og hagar sínu eigin lífi með litilli varúð. Nærri 4 þúsund tilfelli hafa komið upp í landinu og 114 hafa látist.

Ríkisstjórnin í einstökum fylkjum landsins hafa reynt að beita hörðum aðgerðum, en hinn hægripopúlíski forseti beitti valdi sínu til að koma í veg fyrir það.

Værurkærð Bolsonaro kom til að mynda fram á blaðamannafundi síðastliðinn föstudag. Þar var hann spurður um dánartíðnina. „Einhverjir munu deyja. Sem er leitt. En svona er lífið,“ sagði forsetinn.



Bolsonaro er harðlega gagnrýndur fyrir aðgerðaleyzi. MYND/EPÁ

Einhverjir munu deyja. Sem er leitt. En svona er lífið.

Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu

Samkvæmt dagblaðinu Estado de Sao Paulo reyndi Mandetta að sannfæra Bolsonaro um alvarleika faraldursins á fundi á laugardag, en þar voru einnig varnarmálaráðherrann og dómarmálaráðherrann viðstaddir. Spurði Mandetta meðal annars hvort landið væri undirbúið undir verstu sviðsmyndina, að sjá hertrukka keyra um götur með líkpoka og fólk streyma myndum af því í sínum sínum á netið. Tók forsetinn fálega í þessar spurningar.

Fáar prófanir hafa verið gerðar í Brasilíu, sem var fyrsta Suður-Amerikalandið þar sem COVID-19 greindist. Talið er að allt að 1,1 milljón manns gætu látist úr faraldrinum í Brasilíu ef ekkert verður að gert, en aðeins rúmlega 44 þúsund ef hörðum aðgerðum verður beitt. - khg



**20%**

af öllum stillanlegum heilsurúmum

# Upphaf nýrra drauma!

## Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.

Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.

Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.


**Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.**

**Tilboðsverð frá  
307.608 kr.**

Hjónarúm 2x90x200 cm  
Fullt verð frá 384.510 kr



# UMHVERFIÐ OKKAR



Mörk hafiss á norðurslóðum í september 2019. Rauða línan sýnir meðal hafisútbreiðslu á árunum 1981 til 2010. Heimild NASA. MYNDIR/GETTY

## Jöklar og hafís bráðna á methraða

Bráðnun jökla og hafiss Grænlands og Suðurskauts eykst sífellt. Yfir sex þúsund milljarðar tonna af ís bráðnuðu þar árin 1979 til 2018. Losun gróðurhúsalofttegunda eykst og hitastig hækkar.

Davíð Stefánsson  
david@frettabladid.is



Það fór ekki mikið fyrir frétt í febrúar frá argentínsku rannsóknamiðstöðinni Esperanza á Trinity skaga á vestanverðu Suðurskautslandi. Vísindamenn þar sögðu hitastig hafa náð nýjum hæðum á Suðurskautinu með 18,3 °C. Það hækkar fyrra met frá árinu 2015 um 0,8°C.

Það er einmitt á vestanverðu Suðurskauti þar sem vísindamenn óttast að ístapið sé mest. Fyrir um ári síðan var greint frá niðurstöðum bandarískrar rannsóknar á því hvernig jökull á Furueyjum hefði misst meira en þúsund milljarða ístonna frá árinu 1979. Á sama tíma hefur Thwaites jökull sem er á stærð við Bretland og er talinn sá viðkvæmasti á svæðinu tapað 634 milljörðum tonna af ís.

Ný hitamet eru í takt við aðvaranir vísindamanna. Jöklar og hafís bráðnar mun hraðar en á síðari hluta 20. aldar. Skýringin liggur í hnattrænni hlýnun af manna völdum.

### Sexfalt hraðari bráðnun

Íslenskir vísindamenn hafa bent á að bráðnun eða hopun jökla á Suðurskautinu geti haft mikil áhrif á sjávarstöðu við Ísland. Breytingar á suðurhveli mun hafa meiri áhrif á sjávarstöðu við Ísland en bráðnun Grænlandsjökuls.

Á þetta var bent í umfangsmikilli skýrslu vísindanefndar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi sem kom



Íslenskir vísindamenn hafa bent á að bráðnun jökla á Suðurskautinu geti haft mikil áhrif á sjávarstöðu við Ísland. Það hvað gerist á suðurhveli mun hafa meiri áhrif á sjávarstöðu hér á landi en bráðnun Grænlandsjökuls.

út árið 2018. Áætlað er að á þessari öld verði hækkun sjávarmáls hér einungis þriðjungur þeirrar hækkunar sem talin er verða á heimsvísu. Skýringar er að leita í bráðnun mikils massa grænlandsku íshellunnar sem hækkar sjávarstöðu í nágrenni hans, meðal annars við Ísland. Þegar jöklar þynnast minnkar þrýstingur á jarðskorpuna og landið ris. Bráðni ís við Grænland eru því líkur á að sjávaryfirborð hækki meira sunnar á hnettinum en hér.

Þessu er öfugt farið um bráðnun Suðurskautsjökla og því verða áhrifin á sjávarstöðu meiri hér en nálægt suðurhveli.

### Hraðara hop hafiss og jökla

Sífelld koma fram nýjar vísbendingar um að heimskautajöklarnir hopi hraðar en áður hefur verið talið. Gögn gervihnatta um bráðnun jökla við Grænland og Suðurskautsland benda til þess að meira en sex þúsund milljarðar tonna af ís hafi bráðnað á árunum 1979 til 2018.

Á tíunda áratug síðustu aldar var

» Frá aldamótum hafi nokkrir tugir íslenskra jökla horfið í þeim skilningi að þeir hafa rýrnað og breyst þannig að einn jökull breytist í tvo eða fleiri minni.

ístað beggja hvela um 81 milljarðar tonna af ís á hverju ári, samanborið við 475 milljarða tonna af ís á árinu 2010. Það er sexföld aukning.

Þetta er niðurstaða greinar í vísindatímaritinu Nature nú í mars. Að baki rannsókninni standa 89 vísindamenn frá 50 alþjóðlegum stofnunum, studdir af geimferðastofnunum Bandaríkjanna (NASA) og Evrópu (ESA). Gögn 11 gervihnatta voru nýtt til að greina jökla og hafís.

Sama þróun er víða um heim. Oddur Sigurðsson jöklafræðingur á Veðurstofu Íslands telur að frá aldamótum hafi nokkrir tugir íslenskra jökla horfið í þeim skilningi að þeir hafa rýrnað og breyst,

þannig að einn jökull breytist í tvo eða fleiri minni jökla. Nú er gert ráð fyrir því að árið 2190 verði allir jöklar á Íslandi horfnir að heita megi.

### Orsökina skýr: Kolefnaútblastur af manna völdum

Vísindamenn sem standa að þessum alþjóðlegu jöklaathugunum eru allir á einu máli um að orsaka hnattrænnar hlýnunar sé að leita í aukningu gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Þar skiptir mestu aukning koltvísýrings í andrúmsloftinu, sem er nú meiri en verið hefur í milljónir ára.

Þessi umhverfisáhrif af manna völdum bætast við náttúrulegar sveiflur og magna upp hlýnunina. Verði ekki dregið verulega úr kolefnaútblastri er vafur fyrir dyrum.

Hröð aukning gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu gerir það að verkum að vistkerfi breytast mun hraðar en þau hafa áður gert í jarðsögunni. Ýmsar breytingar eru að verða merkjanlegar: Loft almennt heitara og rakara, hitabylgjum

Við erum fjarri því að vera á leiðinni að ná því takmarki að hækkun hitastigs verði innan við 1,5 gráður eða 2 gráður eins og stefnt var að Parísarsamkomulaginu

António Guterres aðalritari Sam-einuðu þjóðanna.

fjölgar, víða má merkja verulegar breytingar á magni úrkomu, sjór hlýnar og súrnar, íshellur og hafís minnkar.

### Síðustu tíu ár eru þau hlýjustu í sögunni

Ný skýrsla Alþjóða veðurfræðistofnunarinnar (WMO) um stöðu loftslagsmála staðfestir þessa válegu þróun. Þar eru teknar saman upplýsingar frá veðurstofum víða um heim, vatnamælingum, helstu sérfræðingum og stofnunum.

Þar segir að síðustu fimm ár, 2015-2019, hafi verið þau hlýjustu í sögunni og frá byrjun níunda áratugarins hefur hver áratugur verið hlýrri en sá sem á undan kom.

### Hitamet munu falla

Petteri Taalas forstjóri WMO segir allt benda til áframhaldandi öfga í veðurfari næstu áratugina. „Þar sem losun gróðurhúsalofttegunda heldur áfram að aukast mun hitastig áfram hækka. Spá fyrir næsta áratug bendir til að líklegt sé að met yfir heitustu ár falli á næstu fimm árum. Það er aðeins tímaspursmál,“ segir hann.

Á síðasta ári var hitastigið 1,1°C hærra en fyrir iðnbýltingu. António Guterres aðalritari SP varar við: „Við erum fjarri því að vera á leiðinni að ná því takmarki að hækkun hitastigs verði innan við 1,5 gráður eða 2 gráður eins og stefnt var að Parísarsamkomulaginu,“ segir hann.

Ef fram heldur sem horfir í útblæstri mannkyns er hætt við að meðalhiti eigi eftir að hækka um þrjú til fimm stig sé miðað við meðalhita frá því mælingar hófust árið 1850.



# VERUM HEIMA OG VERSLUM Á ELKO.IS



## LENGRI SKILARÉTTUR

Til að draga úr heimsóknum í verslanir höfum við framlengt skilarétt og ábyrgðir til 30. júní.



## SJÁUMST Á NETINU

Vegna samkomubanns má búast við því að aðgangur að verslunum sé verulega takmarkaður. Við höfum því framlengt opnunartímann en hvetjum þig þó til að versla frekar á elko.is og fá vöruna senda heim.

Þú finnur allar okkar vörur á elko.is og færð sömu góðu þjónustuna í netspjallinu.



VERTU Í BANDI  
544 4000

SENDU OKKUR LÍNU  
ELKO@ELKO.IS



SPJALLAÐU VIÐ OKKUR

ELKO 

# 20% afsláttur a



Málningarlimband frá kr.

**295**



Colorex Projekt 02,  
Loftmálning 2,7 lítrar

**1.832**

Áður 2.290

**ÓDÝRSTA MÁLNINGIN OKKAR**  
VERÐ **549,-**  
LÍTERINN m/v 10 lítra



Colorex Projekt 05,  
2,7 lítrar (stofn A)

**1.992**

Áður 2.490



Colorex Projekt 10,  
10 lítrar (Málarahvitt)

**6.392**

Áður 7.990



Áltrappa 3 þrep - verð frá

**4.490**

Áltrappa 4 þrep 5.440  
5 þrep 7.290  
6 þrep 7.690



Colorex Projekt 05,  
3 lítrar Málarahvitt

**2.072**

Áður 2.590



Spartlspáðar  
sett kr.

**325**



Spartlspáðar  
frá kr.

**695**



Deka Gólfmálning  
grágræn 3 ltr.

**3.752**

Áður 4.690



Sköfur frá kr.

**245**



Málningargrind  
og rúlla frá kr.

**575**



Málningarpenslar  
frá kr.

**95**



Einnota máln-  
gargallar frá kr.

**695**



Kittgrindur  
frá kr.

**790**



Bostik spartl 250 ml

**590**



Slípklossar  
frá kr.

**395**

Sandpappír  
frá kr.

**125**  
örkin

Framlengingar-  
sköft  
frá kr.

**595**



Bostik málningarkitti

**390**



Yfirbreiðslur Fleece  
frá kr.

**540**



Málningarbakkar  
frá kr.

**195**



**Mikið úrval  
málningarverkfæra**

<b>Reykjavík</b>	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Hafnarfjörður</b>	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Reykjanesbær</b>	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		



# f allri málningu

Málaðu meira fyrir miklu minna!

Hjá Múrbúðinni færðu

**litríka** gæðamálningu!



## Colorex sænsk gæðamálning síðan 1955

Góð málning þekur vel og er auðvelt að vinna. Þess vegna selur Múrbúðin eingöngu sænska gæðamálningu frá Colorex. Málningin frá Colorex þekur framúrskarandi vel, enda er hún þróuð til að mæta ströngustu kröfum Norðurlandabúa.

### Hugsum um umhverfið og málum með málningu frá Colorex

Málningin frá Colorex er einstaklega umhverfisvæn. Hún er bæði með Svansvottun þ.e. Nordic Swan Eco label og EU Eco label. Þessar vottanir fá einungis vörur sem uppfylla ströngustu umhverfisstaðla. Vottunin tekur til allra umhverfisáhrifa vörunnar allt frá því að hráefni eru unnin og þar til vörunni er fargað eða hún endurunin.

### Skönnum drauma litinn þinn!

Ertu búin að finna draumalitinn? Við getum blandað alla liti. Þú kemur bara með draumalitinn og við skönnum hann með litgreiningarskannanum okkar. Við getum skannað liti af litaprufum og úr blöðum svo eitthvað sé nefnt.

### Málningarverkfæri, stigar og tröppur

Með réttu verkfærunum verða verkin auðveldari. Þú færð öll málningarverkfæri hjá Múrbúðinni. Eingöngu gæðamerki á góðu verði. Við bjóðum líka mikið úrval af stigum og tröppum, sem nauðsynlegt er að eiga þegar maður malar.

### Bostik spartl, þéttifrauð og kíttri – Leiðandi í yfir 125 ár

Bostik er leiðandi framleiðandi á spartli, þéttifrauði og kíttri. Múrbúðin býður breiða línu að vörum frá Bostik á frábæru verði. Bostik vörunnar sem Múrbúðin selur koma frá Svíþjóð og Þýskalandi.

### Murexin – Austurísk gæðaefni á góðu verði

Murexin framleiðir endingargóð þéttiefni, fúgur og flísalím. Rakapéttikvoðan frá Murexin „dúkur í dós“, er löngu búin að sanna sig á Íslandi. Gerðu gæða- og verðsamanburð. Múrbúðin býður að minnsta kosti jafngóðar vörur, bara miklu ódýrari.



## Borgar þú 300% of mikið fyrir þína málningu?

Erlendis kosta 10L af Colorex og 10L af málningu frá öðrum þekktum framleiðendum það sama. Hér á Íslandi færð þú **30L** af Colorex fyrir það sama og þú borgar fyrir **10L** af málningu frá öðrum. Sömu gæði, sama verð úti, en 300% dýrari á Íslandi. **Sættir þú þig við þetta?**

**MÚRBÚÐIN**  
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Hagræðing



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

**N**ærri lætur að fimmti hver vinnandi maður starfi í þágu hins opinbera, ríkis eða sveitarfélaga.

Þetta er athyglisvert um þessar mundir þegar störf þorra manna á almennum vinnumarkaði eru í aðstöðjandi uppnámi. Því veldur veiruváin sem hefur veist með svo ófyrirleitnum hætti að stóðum samfélagsins að rekstur atvinnufyrirtækja er í hreinni óvissu að aðstöður breytast dag frá degi og þúsundir umsókna um hlutabætur og atvinnuleysisbætur berast Vinnuálastofnun daglega.

Einn er þó sá hópur vinnandi manna sem gengur að störfum sínum vísam, nær sama hvað á dynur. Það eru starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Hið opinbera er fyrirferðarmikið hér á landi og illa gengur að stemma stígu við auknum umsvifum þess þrátt fyrir margvísleg slagorð stjórnmalahreyfinga liðinna tíma.

Það er auðvitað ekki sérstök lausn að krefjast breytinga á því nú við þessar aðstöður og myndi líklega gera illt verra. En það er ástæða til að velja því fyrir sér hvers vegna ekki eru sett fram áform um forgangsröðun og hagræðingu í rekstri hins opinbera, þegar útgjöld þess stókkbreytast með efnahagságerðum ríkis og sveitarfélaga og búast má við að enn eigi eftir að auka þá ihlutun ef takast á að forða stórfelldu langtíma atvinnuleysi hér. Viðbútt er að seilst verði í vasa skattgreiðenda þegar þessu fari slotar og álögur auknar til að mæta tekjutapinu og standa undir rekstri ríkis og sveitarfélaga.

Ekki má skilja orð þessi svo að þeim sé raðað saman af andúð á störfum fyrir hið opinbera, en kjarabaráttan opinberra starfsmanna hefur meðal annars falist í kröfu um að deila kjörum með starfsmönnum á almennum vinnuarkaði. Sá reginmunur er þó að opinberir starfsmenn búa við margfalt starfsöryggi á við aðra. Það sýnir sig best um þessar mundir.

Á komandi misserum hlýtur því að verða velt upp hvort ekki sé ástæða til að draga saman seglin í opinberum rekstri. Búast má við að samdrátturinn í efnahagslífinu vari um nokkurra missera skeið og hlýtur að hafa sín áhrif á verkefni hins opinbera, þó þess gæti síður í bráðnaðsynlegum verkefnum mennta- og heilbrigðiskerfis, umönnun og félagslegum stuðningi, svo dæmi séu tekin.

Um 160 opinberar stofnanir eru starfræktar hér á landi. Það hljóta að leynast sameiningartækifæri meðal þeirra. Þó verkefni þeirra kunni að vera sumpart ólík eru samlegðaráhrif sameiningar ríkisstofnana ótvíræð.

Sama gildir um sveitarfélög. Þau eru nú ríflega 70. Sum eru fjölmenn og önnur fámenn. Ráðagerð er um að fækka þeim á nokkurra ára bili um meira en helming með því að skilgreina lágmarksfjölda íbúa þeirra. Þannig er þvinguð fram hagræðing sem ekki virðist næst fram með öðrum hætti. Nægan tíma hafa menn haft til þess. Þessari aðferð hefur ekki alls staðar verið fagnað en hún er nauðsynleg og mun leiða til betri þjónustu við íbúa og ekki síður hagræðingar.

Að öllu samanlögðu er tímabært fyrir stjórnvöld að leggja á ráðin um hvernig hluta fjárhagsáfalls hins opinbera verður mætt með skýrri forgangsröðun og hagræðingu þegar fram líða stundir.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Íþróttir efla alla dáð**  
Á daglegum upplýsingafundi í gær kom fram að Víðir okkar allra hefði sjálfur farið í vettvangsrannsókn til að kanna sannleiksgildi ábendinga um að tveggja metra regla og tuttugu manna samkomubann væri ekki alls staðar í hávegum haft. Hann hafi í þeirri ferð rekist á að 50 manna íþróttæfing hefði verið haldin um helgina, jafnvel þó blátt bann sé lagt við því. Þetta er alvarlega en í fyrstu virðist. Kunnugt er að lestrarkunnáttu yngri aldurshópa hefur hrakað nokkuð og PISA-könnun bendir til að sama eigi við um raungreinar, jafnvel einfalda stærðfræði. Það skyldi þó ekki vera að þeir sem fyrir íþróttæfingunni stóðu séu hvorki læsir né átti sig á að fimmtíu er meira en tuttugu?

**Birgðir**  
Fyrir hreina slysi fundust í síðustu viku birgðir 6.000 sýnatökupinna á Landspítalanum. Enginn virðist hafa vitað að þeir voru til. Þetta vekur upp þá von að í birgðahaldi spítalans leynist enn fleiri fjársjóðir nú á raunastund. Ætli finnist líka fleiri rúm eða jafnvel heilu deildirnar sem enginn vissi af? Það er varla gaman að þessu gerandi, en þetta var sannarlega ánægjulegur fundur.

## Vores nordiske venner



Silja Dögg Gunnarsdóttir  
forseti Norðurlandaráðs og þingmaður Framsóknarflokksins.

Eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar sendu Íslendingar matarböggla til bágstaddra barna í Noregi. Eftir Vestmannaeyjagosið 1973 sendu önnur Norðurlönd margvíslega aðstoð til Íslands. Seint gleymist rausnarskapur Færeyinga eftir snjóflóðin árið 1995. Norðurlöndin aðstoðuðu okkur eftir efnahagshrunið 2008 þegar flest önnur ríki neituðu hjálparbeiðnum okkar. Árið 2009 þegar hamfaraflóðin gengu yfir Asíu sendu Íslendingar flugvél til Taílands til að sækja slasaða Svía. Þetta eru aðeins örfá dæmi um norrænt samstarf og vináttu síðustu áratugi.

Yfirstandandi COVID-19 faraldur hefur undanfarið sett einstaklinga, fyrirtæki, ríki og allt alþjóðasamfélagið í óþekkta stöðu. Ljóst er að faraldurinn bitnar ekki einungis á heilsu fólks heldur einnig á atvinnulífnum og fjármálakerfinu öllu. Enginn veit hvernig best er að reyna að draga úr áhrifum faraldursins en ljóst er að ekkert land getur staðið eitt frammi fyrir þessari ógn því veiran virðir engin landamæri. Við slíkar aðstöður er nauðsynlegt að halda heildarsýn og missa ekki sjónar á gagnsemi þess að samhæfa aðgerðir milli landa. Norrænt og alþjóðlegt samstarf opnar á möguleika sem gagnast hverju og einu landanna. Við þurfum á nágrönnum okkar að halda til að miðla upplýsingum og þekkingu sem er sérstaklega mikilvæg á tímum sem þessum. Nágrannar okkar í norðri eru, nú sem fyrr, okkar mikilvægustu bandamenn. Ekki bara meðan COVID-19 veiran gengur yfir, heldur ekki síður þegar við hefjumst handa við að endurreisa þá samfélagslegu burðarstólpa sem sköðuðust á þessum einkennilegu tímum.

Samfélagsöryggi og samstarf á hættutímum eru mikilvæg svið fyrir Norðurlandaráð. Síðast á þingi ráðsins í október 2019 samþykkti það einróma nýtt stefnuskjal um samfélagsöryggi. Þar er lagt til að samstarf verði aukið á ýmsum sviðum, meðal annars hvað varðar framfærslu- og heilbrigðisviðbúnað. Stefnuskjalið inniheldur ýmsar tillögur að því hvernig samstarfið geti orðið enn betra á hættutímum, nokkuð sem Norðurlandaráð vill vinna áfram með.



Nágrannar okkar í norðri eru, nú sem fyrr, okkar mikilvægustu bandamenn.

**Ný tvöföld virkni sem veitir hraða og langvarandi vörn gegn tannkuli.**

TVÖFÖLD  
VIRKNI



# Stærsta arðgreiðslan

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Þessa dagana hefur mað-ur ekki orðið var við að margir eigendur fyrir-tækja í einkarekstri komi fram og segi: „Það er allt í lagi hjá okkur. Við eigum digran varasjóð og getum vel komist í gegnum þessar hremmingar. Kóróna smóróna. Við þurfum ekki aðstoð.“ Örugglega er eitthvað til af vel reknum fyrirtækjum, sem þurfa ekki að hafa of miklar áhyggjur af fullkomnu hrúni í tekjum um tíma, eftir mikinn uppgang undan-farinna ára. Maður bara heyrir ekki mikið um þau. Flestir eru jú í hönk. En það er sama. Engin sjávar-útvegs-fyrirtæki bera sig beinlínis vel, þótt vitað sé að mörg þeirra sitji á gríðarlegum auðæfum. Engin ferðaþjónustufyrirtæki anda rólega, ekki einu sinni þau sem rekið hafa peningamaskínur um árabíl. Þau eru ekki að básúna góða stöðu sína.

Ekki áföllist ég einn eða neinn. Svona er þetta bara. Eitt það athyglisverðasta við tímuna er það, að enn og aftur fáum við staðfestingu á því að þegar hörmungar steðja að, þá stígur hið opinbera inn. Það er krafa allra. Jafnvel kapítalískustu ríki veraldar — þar sem stærstu og moldríkustu fyrirtæki heims eiga lögheimili sitt — blása núna til opinberra inngrípa af áður óþekktri stærðargráðu. Og stór inngríp eru ekki einsdæmi. Þessi gríðarlegu inngríp núna eru að eiga sér stað aðeins um áratug eftir að gripið var til risastorra opinberra aðgerða síðast.

## Rökræða kláruð

Við þurfum sem sagt sterkt og vel rekið ríkisvald sem sér til þess að grunnkerfi þjóðfélagsins virki — skólar, spítalar, löggæsla — sama hvað gerist, og að fyrirtæki fari ekki á hausinn þegar áföll verða. Auðvitað geta menn látið gamminn geisa í rökræðuþáttum, en það breytir ekki því að vírusinn hefur í raun og veru leitt eitthvað langdregnasta debatt stjórnmalanna til lykta. Munur á hægri og vinstri er orðinn húmbúkk eitt. Eingöngu smámál eru eftir af þeim þreytta skotgrafahernaði, eins og um það hvort ríkið eigi að selja áfengi eða ekki. Um stóru línurnar þarf ekki lengur að deila: Dýrð sé þökk fyrir hið opinbera.

Sé maður ekki sósíalisti getur verið svolítið erfitt að horfast í augu við þennan veruleika. Ég vil þó ekki meina að þetta þýði endilega að allir fyrrum allaballar landsins geti núna spangóláð af gleði í lopapeysunum sínum og troðið glaðhlakkalegir í pipu. Fullkomlega ástæðulaust væri til dæmis að rjúka núna til og þjóðnýta alla skapaða hluti í samfélaginu. Einkaframtakið mun áfram gegna lykilhlutverki. Frelsið verður áfram yndislegt. Frjáls sköpun, framfarir í tækni, ævintýralegar uppgötvánir. Allt þetta verður áfram fegurðin við einkaframtakið. Myndin sem er að teikna sig upp er mun fremur þessi: Kjarnahlutverkið er ríkisins. Samhæfingarhlutverkið er ríkisins. Áfallahjálpin er ríkisins.

## Betri veröld

Hvað þýðir þessi niðurstaða? Ekki mun hörmungum ljúka. Hamfara-hlýnun heldur áfram. Ég held að það blasi við að raunveruleikinn er að segja þjóðum heims, þar á meðal okkur, að hér eftir þurfum við að haga málum svona:

Nostra við grunnstöðirnar. Setja fé í heilbrigðiskerfið, skólana, almannavarnir, þekkingaröflun,



vísindi, tæknivæðingu. Allt þetta þarf að vera tipp topp. Ekki undir nokkrum kringumstæðum kjósa fábjana til forystu. Af dæmum Bolsonaro í Brasilíu og Trump í Bandaríkjunum er augljóst að það er of mikið í húfi til þess að fólk geti leyft sér að kjósa jólasveina til ábyrgðar. Nokkrar þumalputtareglur er hægt að hafa í hávegum en ein er þó best: Hafnar viðkomandi vísindum og þekkingu? Skikka fyrirtæki til samfélagslegrar ábyrgðar. Mörg sýna hana nú þegar, en þetta þarf að vera ófrávikjanleg regla. Nú þarf spark í rass. Ekkert sukk og svínarí.

Allir þurfa að borga skatt, því hann rennur jú í sjóðina sem redda málunum. Önnur þumalputtaregla: Eigi fólk milljarð, hefur það enga þörf fyrir annan. Auðæfin eiga að renna til samfélagsins í gegnum opinber gjöld og eftir öðrum frjálsum leiðum. Þessi hugsun er raunar kapitalismi í sinni tærustu mynd, hafi menn gleymt uppruna hans. Sagði ekki Andrew Carnegie að sá sem færir í gröfina ríkur dæi í smán? Auð á að nýta til framfara og bjargræðis en ekki í bull og vitleysu.

Við getum leyft okkur að vona að nýtt gildismat í kjölfar faraldurs

fleyti okkur í átt að betri heimi. Mannkyn leitir nú gleðinnar í hinu smáa og til hvers annars. Það er eins og verið sé að segja okkur að hlutir verði að breytast. Hvað skiptir máli? Sandur af seðlum? Feit arðgreiðsla við ársuppgjör? Eða kannski frekar samfélagslegt öryggi, traustar stoðir, skynsemi og samhugur? Spáð í það: Stærsta arðgreiðslan sem fólki býðst eftir nokkrar vikur, eftir að hafa samviskusamlega gengið í gegnum þessar þrengingar lifandi, verður sú að mega fadmast. Það er ágætis grunnur að betri veröld.

## Þróum saman lýðræðið í Reykjavík



Dóra Björt Guðjónsdóttir borgarfulltrúi Pírata í Reykjavík.

Við erum öll hluti af þessu samfélagi, hvert og eitt okkar er hlekkur í þeirri lífrænu heild sem við köllum Reykjavík. Reykjavík er og á að vera lýðræðissamfélag.

Við viljum heyra þín sjónarmið. Hvað má betur fara og hvernig lýðræði Reykjavíkurborgar er eft og bætt. Hvernig er hægt að gera samráðsferli Reykjavíkurborgar betri? Að hvaða ákvarðanatöku viltu hafa meiri aðkomu en nú er í boði? Hvað finnst þér virka vel?

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar er nú í móttun. Opnuð hefur verið samráðsgátt þar sem hægt er að koma hugmyndum sínum á framfæri með því að setja þær inn á [www.reykjavik.is/lydraedisstefna](http://www.reykjavik.is/lydraedisstefna). Þar að auki verður haldinn opinn samráðsfundur með vorinu og notaðir rýnihópar til að fá fram sjónarmið hagsmunaaðila.

Vald kjörinna fulltrúa kemur frá almenningi. Stjórnmalafólk er bara venjulegt fólk og það veit ekki allt best. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir það að heyra raddir



Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar er nú í móttun. Opnuð hefur verið samráðsgátt þar sem hægt er að koma hugmyndum sínum á framfæri með því að setja þær inn á [www.reykjavik.is/lydraedisstefna](http://www.reykjavik.is/lydraedisstefna).

borgar-búa og að borgarþúar hafi aðkomu að ákvarðanatöku. Með þessu aukast gæði ákvarðana. Með því getum við bætt stjórnmalin og stjórnsýslu borgarinnar.

Við viljum að verkefni borgarinnar séu á þínum forsendum, ekki á forsendum kerfisins. Stærstu áskoranir nútímans eru að auki einfaldlega það stórar að okkur farnast best að leita lausna saman. En hvernig er hægt að tryggja þína aðkomu? Hvernig viltu geta haft áhrif og á hvaða stigi ákvarðanatökuférlisins?

Taktu þátt! Vertu með! Gerum þetta saman.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, f. h. þverpólitísks stýrihóps um aukid íbúalýðræði í borginni

## Frá tilnefningarnefnd vegna aðalfundar Haga hf. 2020

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn þriðjudaginn 9. júní 2020.

Þeim hluthöfum sem vilja eiga fund með tilnefningarnefnd eða koma skilaboðum á framfæri við tilnefningarnefnd í aðdraganda aðalfundar 2020 er bent á að hafa samband við tilnefningarnefnd eigi síðar en kl. 16:00 þann 14. apríl nk. á netfangið [tilnefningarnefnd@hagar.is](mailto:tilnefningarnefnd@hagar.is).

Þeim sem vilja gefa kost á sér til setu í stjórn Haga hf. er bent á að tilkynna það skriflega til tilnefningarnefndar Haga hf. eigi síðar en kl. 16:00 þann 30. apríl 2020 á netfangið [tilnefningarnefnd@hagar.is](mailto:tilnefningarnefnd@hagar.is). Nauðsynlegt er að frambjóðendur notist við framboðseyðublað sem finna má á vefsíðu Haga en þar þarf meðal annars að upplýsa um bakgrunn og hæfi frambjóðanda, auk þess að gera grein fyrir hvernig frambjóðandi uppfyllir skilyrði sáttar Haga hf. við Samkeppniseftirlitið frá september 2018.

Framboðseyðublað og nánari upplýsingar um viðmið tilnefningarnefndar við mat á frambjóðendum má finna á vefsíðu Haga hf., [www.hagar.is/fjarfestaupplýsingar/adalfundur](http://www.hagar.is/fjarfestaupplýsingar/adalfundur).

Tillögur tilnefningarnefndar um frambjóðendur til stjórnar verða tilkynntar þann 19. maí nk.

Tilnefningarnefnd Haga hf.

hagar

# Húsið okkar brennur



Ólafur Þ. Hallgrímsson  
höfundur er fyrrv. sóknarprestur

Gréta Thunberg er orðin heimsþekkt, sænska stúlkan, sem greind var einhverf og talaði ekki, nema þegar henni þótti nauðsyn til, en fór svo skyndilega að tala. Og talaði þá, svo að eftir var tekið. Hún fór í skólaverkfall til að vekja athygli á loftslagsvandanda heimsins, hrikalegasta verkefni, sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir. Nú er þessi áður fátalaða stúlka orðin ræðumaður á öllum helstu loftslagsráðstefnum heims og brýnir ráðamenn til aðgerða í loftslagsmálum.

Nú fyrir jóln kom út bókin Húsið okkar brennur, baráttusaga Grétu og fjölskyldu hennar, rit-

uð af móðurinni, áhrifamikil lesning. Gréta krefst aðgerða í loftslagsmálum, aðgerða í stað orða. Hún segir allar staðreyndir um loftslagsvandann liggja fyrir og lausnirnar einnig, hvað þurfi að gera. Vísindamenn eru nær sammála um, að hlýnun andrúmsloftsins sé af mannavöldum og loftslagsbreytingar séu farnar að hafa áhrif á veðurfar og líffólks um allan heim.

Við þurfum að vakna og gera breytingar, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda strax, því verði ekkert að gert á næstu árum, fer af stað keðjuverkun sem enginn mannlegur máttur fær stöðvað. Þetta er neyðarkall, segir hún. Gréta vill að við tökum loftslagsógnina alvarlega, því annars gerist ekkert. „Fulloröna fólk er alltaf að segja: „Við verðum að gefa unga fólkinu von.“ En ég vil ekki vonina ykkar. Ég vil að þið hagið ykkur eins og líf ykkar sé í hættu. Ég vil að þið hagið ykkur eins og það sé kviknað í húsinu ykkar. Af því að það er kviknað í því.“ Þannig talaði Gréta á alþjóðaefnahags-

þinginu í Davos í janúar 2019. Samt boðar hún ekkert vonleysi eða upp-gjöf, öðru nær, því enn þá er möguleiki á að breyta, en þá verðum við að bregðast skjótt við.

Gréta hefur staðið í baráttu. Hún hefur fengið á sig gagnrýni fyrir að vera ung og óreynd, einhverf eða einfalda hlutina um of. Hún gerir sér þó grein fyrir því, að hér er ekki um einfalt verkefni að ræða, að minnka losun á heimsvísu, þar sem í hlut eiga allar þjóðir heims, sem búa við afar misjafnar aðstæður. Ríku iðnjóðirnar eins og hennar eigið land, Svíþjóð, verða að ganga á undan, segir hún, og draga úr losun um 50 prósent næstu árin, á meðan þróunarrikin svon. fá afslátt og ráðrúm til að byggja upp innviði sína.

Staðan hjá okkur Íslendingum er víst ekki sérlega góð um þessar mundir. Við erum ofarlega í losun af Norðurlandþjóðunum. Við erum ekki að draga úr losun, heldur auka, þrátt fyrir metnaðarfulla aðgerðaætlun núv. ríkisstjórnar Katrínar



**Við þurfum að vakna og gera breytingar, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda strax, því verði ekkert að gert á næstu árum, fer af stað keðjuverkun sem enginn mannlegur máttur fær stöðvað. Þetta er neyðarkall, segir hún.**

Jakobsdóttur í umhverfismálum til ársins 2030, sem enn á eftir að sýna sig, hvort reynist raunhæf. Víst er, að við þurfum að gera betur í loftslagsmálum, ætlum við að standa við skuldbindingar okkar gagnvart Parísarsamkomulaginu. Bók Grétu Thunberg er vissulega áminning til okkar Íslendinga. Sem fámenn þjóð björgum við kannski ekki heiminn

um ein og sér, en við getum lagt okkar lóð á þá vogarskál.

Saga Grétu sýnir okkur, svo ekki verður um villst, hversu miklu einstaklingurinn fær áorkað, ef hann beitir sér. Gréta er farin að hafa áhrif vítt um heim með rödd sinni, líka hér á landi. Á hverjum föstudegi kemur nú saman hópur ungs fólks á Austurvelli með mótmælaspjöld og krefst aðgerða í loftslagsmálum að hætti Grétu Thunberg. Ungu fólk gerir sér ljóst, að það á mest í húfi, því þess er framtíðin. Þetta allt vekur vonir.

Við þurfum að endurskoða margt, byrja hvert í sínum ranni, breyta hugsanagangi, lífsmáta og gildismati, temja okkur meiri auðmýkt og einfaldari lífsmáta, hætta að líta á peninga og hagvöxt sem hið eina er máli skipti, en ihuga lífsgildin, sem vísa til framtíðar. Því eins og Gréta segir. Nú verða allir að tala skýrt. Við höfum enn lausnir í hendi okkar, en tíminn er naumur, af því það er kviknað í húsinu okkar. Húsið okkar brennur.

# Af úlfum í sauðagæru



Birgir Hrafnsson  
áhugamaður um ábyrga um-ræðu.

Það vakti eftirtekt þegar fyrrum alþingismaður birti pistil á fésbók sinni, þar sem hann lýsti almennum efasemdum um aðgerðir og ákvarðanir sóttvarnalæknis og annarra íslenskra yfirvalda í tengslum við COVID-19 veiruna. Hann bætti

um betur og í viðtali í útvarpsþætti nokkrum hélt hann því fram að „útlendingum frá hættusvæðum hefði verið hleypt óskimudum inn í landið til þess að koma smiti inn í samfélagið“ og virtist þar með ekki hafa fylgst með fréttaplutningi af skíðaglöd-um Íslendingum í Ölpunum. (Ekki það að nokkuð sé hægt að gagnrýna íslenskt skíðafólk í þessu sambandi og hefði veiran borist til landsins með einum eða öðrum hætti hvort sem er.)

Þá klykkta hann út með hjartnæmu, opnu bréfi til forsætisráðherra, þar sem hann sagði meðal annars: „Þú ert vonandi mjög hugs-

enda hvílir ábyrgðin nú á þínum herðum og ríkisstjórnarinnar. Það er ekki hægt að vísa ábyrgð á sóttvarnalækni, nú þegar öllum má vera ljóst að aðferð hans er röng og getur leitt til stórtjóns.“

Ofangreind atburðarás lýsir þekktu áróðursbragði. Með ósannindi og hálf sannleik að vopni er reynt að sá efasemdafraejum í huga fólks. Þrátt fyrir að margir láti sér fátt um finnast (sem betur fer), liggur óhróðurinn eftir eins og tyggjóklessa, sem erfitt getur reynst að hreinsa upp að fullu, eins og jafnan er um tyggjóklessur.

Þannig má segja að bragðið hafi heppnast í þeim fáránleika að í

sjónvarpsþætti þurftu yfirvöld að sverja þennan áburð af sér og voru einnig fluttar fréttir af því.

Sjaldan er ein báran stök og þingflokkur stjórnmalaflokks nokkurs birti heilsíðu auglýsingu af svipuðum (eða sama?) meidi í dagblöðum laugardaginn 21. mars. Þrátt fyrir öllu settlegri tón, fer ekki á milli mála að boðskapurinn er sama eðlis og megum við líklega búast við meiru af slíku á næstunni.

Á óvissutímum sem þessum ræður úrslitum að allir leggist á eitt. Til viðbótar við dyggðir eins og samheldni, yfirvegum, sannleiksást og náungakærleik, er einnig mikilvægt að „mæla þarft eða þegja“.



**Þannig má segja að bragðið hafi heppnast í þeim fáránleika að í sjónvarpsþætti þurftu yfirvöld að sverja þennan áburð af sér og voru einnig fluttar fréttir af því.**

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbörðinu þegar blaðið er opnað!

**93.000** Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.\*

Kannaðu dreifleiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



\*Prentmaling Gallup, 12. 80 ára. okt. - des. 2019. Mannföldstær Hagstofa Íslands 2019

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

## Tími fyrir samfélag



Sigurður Ingi Jóhannsson  
samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðherra og formaður Framsóknar

Tímar sem þessir sýna svo ekki verður um villst hvernig grunnstoðir samfélagsins eru á sig komnar. Við Íslendingar getum verið tiltölulega ánægðir. Öflugt heilbrigðiskerfi tekst á við veiruna ásamt almannavörnum, skólustarf heldur áfram við breyttar og erfðar aðstæður og atvinnuleysisstryggingasjóður tekur við þeim sem missa vinnuna – svo nokkur kerfi séu nefnd. Allar áætlanir og spár breytast frá degi til dags og ljóst að næstu mánuði og ár munu gjörðir helstu viðskiptaþjóða okkar hafa mikil áhrif hér á landi. Skylda stjórnvalda er að styðja við fjölskyldur og fyrirtæki í gegnum þennan öldusjó þannig að samfélagið verði tilbúið í kröftuga viðspyrnu þegar léttir til.

Viðskiptaráð var helst til snöggt að leggja til niðurskurð hjá hinu opinbera og skerðingu á starfshlutfalli hjá opinberum starfsmönnum. Þetta kom auðvitað illa við það fólk sem nú stendur í eldlínunni við að berjast gegn útbreiðslu veirunnar á heilbrigðisstofnunum. Eru viðbrögð ráðsins í hröplegu ósamræmi við þá samstöðu og samvinnu sem ríkjandi er í samfélaginu.

Ég er stoltur af íslensku samfélagi



**Samstaðan laskaðist í hruninu og það er mikilvægt að við vinnum okkur núna saman í gegnum erfitt tímabil.**

og samheldni þjóðarinnar. Samstaðan laskaðist í hruninu og það er mikilvægt að við vinnum okkur núna saman í gegnum erfitt tímabil. Og þegar við höfum náð viðspyrnu og erum búin að ná okkur á strik verða allir að sýna samfélagslega ábyrgð. Þess vegna verða þeir sem geta að halda áfram að greiða til samneyslunnar. Það gengur auðvitað ekki að einhverjum öflum innan viðskiptalífsins þyki sjálfsagt að koma hlaupandi í skjól ríkisins, umfram þörf, og nýta sér kraft og samstöðu samfélagsins. Krafa almennings er krafa Framsóknar. Samvinna í þágu samfélagsins alls. Sem betur fer eru flestir þar.

Öll el birtir um síðir. Það kemur vor og það kemur sól og daginn lengir. Við höfum áður tekist á við erfiðleika og staðið sterkari eftir. Við getum gert það aftur.



MÁNUDAGUR 30. MARS 2020

## Lífsstíll



Gunnhildur Friða er metnaðarfullur námsmaður og aðgerðasinni í loftslagsmálum. Hún hlakkar mikið til að byrja í Harvard í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Jörðin er svo yndisleg

Gunnhildur Friða Hallgrímsdóttir verður ekki fullorðin fyrr en í maí. Þó sest hún á skólabekk í Harvard háskóla í haust, einum besta háskóla heims. ➔2

**M**ér þykir vænt um fjölskylduna mína og vini heima á Íslandi og mun sakna þeirra mikið. Samt veit ég að það gefst varla tími til að sakna, það verður svo mikið að gera í skólanum að áður en ég veit af verður komið jólafrí og ég komin aftur heim,“ segir Gunnhildur Friða Hallgrímsdóttir sem þratt fyrir að vera enn barn að aldri hefur nám við einn besta háskóla veraldar í haust. Því má bæta við að Gunnhildur fékk einnig inngöngu í hinn virta Yale háskóla.

Hún setti stefnuna á nám við Harvard þegar hún var fimmtán ára. „Þá fórum við fjölskyldan í frí til Boston og ég dýrkaði umhverfið í botn. Við litla systir mín fórum með leiðsögumanni í gegnum Har-

vard háskóla og ég heillaðist upp úr skónum. Mér fannst staðurinn geisla frá sér forvitni og þekkingu. Ég keypti mér auðvitað Harvard-peysu en hefði þá aldrei dottið í hug að ég myndi nokkurn tímann komast inn í Harvard,“ segir Gunnhildur sem fór aftur vestur um haf í fyrrasumar.

„Þá dvaldi ég við Purdue háskóla og tók þátt í prógramminu Benjamin Franklin Transatlantic Fellowship á vegum bandaríska sendiráðsins. Ég fékk að læra í amerískum háskóla og líkaði það mjög vel. Hinir krakkarnir í prógramminu hvöttu mig því til að sækja um í Harvard og aðstoðuðu mig við inntökupróf, ritgerðir og viðtöl, en þessi umsóknaheimur er allt annað en við þekkjum á Íslandi,“ segir Gunnhildur.

Hún reiknar með að námið við Harvard verði krefjandi en skemmtilegt.

„Þetta verður erfitt en ég held að ég muni njóta þess því ég fer út til að læra nákvæmlega það sem ég vil. Þótt ég sé bara sautján og hafi útskrifast hálfu öðru ári á undan jafnöldrum mínum hér heima, eru skólafélagarnir í Harvard flestir jafngamlir og ég vegna mismunandi skólakerfa í Bandaríkjunum og hér heima.“

## Hefur alltaf sett markið hátt

Gunnhildur flutti til Hveragerðis á fjórða árinu og byrjaði ári á undan jafnöldrum sínum í grunnskóla.

„Hveragerði er mjög þægilegur staður til að alast upp á og ég nýtti oft næðið og róna til að lesa bækur.

Ég á alls ekki auðvelt með að læra öll fög og þekki mikið af vinum sem mér finnst vera mun klárari en ég. Ég hef hins vegar mikinn áhuga á náminu og reyni að leggja mig fram í öllum verkefnum,“ segir Gunnhildur.

Hún lýsir sjálfri sér sem metnaðarfullum námsmanni og loftslagsaðgerðasinna.

„Ég hef mikla ástríðu fyrir loftslagsmálum og því að vinna að þeim í samstarfi við aðra. Í framtíðinni hugsá ég að ég hefði gaman af að fara í stjórnmal eða stofna sprotafyrirtæki sem finnur upp lausnir í loftslagsmálum,“ svarar Gunnhildur spurð hvað hún ætli að gera þegar hún verði orðin stór.

Framhald á síðu 2 ➔

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



Fylgstu með!

## Framhald af forsiðu →

Þórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



„Ég hef alltaf verið metnaðarfull og sett markið hátt. Allt frá því að ég var lítil var ég í námsbókum fyrir ofan minn aldur og hélt áfram að vera forvitin. Mér finnst eins og í mér sé innbyggt drif sem fer í gang ef ég kem auga á áhugaverða áskorun og þá verð ég að reyna. Mér þykir gaman að sjá hugmyndir verða að veruleika,“ segir Gunnhildur sem lauk stúdentsprófi á tveimur og hálfu ári við K2: tækni-, vísinda- og frumkvöðlabraut Tækniskólans í desember.

„Ég varð heilluð af því hvað K2 var nýtt og öðruvísi nám. Í upphafi hafði ég hugsað mér að verða verkfræðingur og þetta nám var fullkomið fyrir það, en svo breyttust áhugamálin, sem er líka allt í lagi. Ég hafði mjög gaman af náminu og við vorum hvött til að taka þátt í öðruvísi verkefnum og hugsa út fyrir kassann. Á K2-brautinni fékk ég sveigjanleika til að sinna ýmsum öðrum verkefnum og tengja það við námið. Ég náði svo að útskrifast fljótt vegna þess að ég tók alla framhaldsskólaáfangar sem ég gat í grunnskóla og hélt svo áfram að taka áfangar fyrir ofan minn aldursþóp. Það gerði ég bara vegna þess að mér þótti það gaman og áhugavert, ekki til þess að útskrifast fyrir, sem ég ákvað seinna.“

## Systrafélagið er spennandi

Gunnhildur hefur ekki enn valið sitt aðalfag í Harvard.

„Það skemmtilega við Harvard er að skólinn aðhyllist „liberal arts education“. Hann leggur áherslu á þverfaglega þekkingu og að nemendur fái að blanda saman fögum. Ég þarf því ekki að velja námsáherslu fyrr en á öðru ári mínu við skólann sem er alls fjögur ár. Ég hugsa þó að ég velji annað hvort umhverfissvísindi og opinbera stjórnsýslu eða hagfræði,“ segir Gunnhildur.

A fyrsta námsárinu mun hún búa á heimavist Harvard háskóla.

„Þar verð ég með tveimur herbergisfélögum en í mars að ári verður haldinn svokallaður „Housing Day“ þar sem nemendur fyrsta árs eru valdir í eitthvert af tólf húsum sem þeir svo búa í næstu þrjú árin. Ég er orðin mjög spennit að hitta herbergisfélagana mína þar sem ég tengdist herbergisfélögum mínum í Purdue miknið,“ segir Gunnhildur.

Hún hlakkar miknið til



Gunnhildur segir hugrekki til að vera öðruvísi vera leiðina í Harvard. Hún er stoltust af loftslagsverkföllunum sem hún hefur leitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

félagslífsins við Harvard.

„Ég hef heyrt að það sé miknið gert úr hefðum í Harvard og þar má nefna bátaklúbbana sem keppa í siglingum á Charles-ánni í Boston. Svo eru bræðra- og systrafélög, öll með hið víðfræga Alumini, og ég hugsa að það gæti verið gaman að taka þátt í því. Harvard heldur líka mjög stóra Model United Nations-ráðstefnu og ég hef áhuga fyrir að taka þátt í henni, enda eru þannig ráðstefnur ekki til á Íslandi. Í Harvard eru til klúbbar fyrir allt, yfir 500 klúbbar, og ég hef varla náð að skoða helminginn.“

Arlega berast Harvard háskóla yfir 40 þúsund umsóknir og innan við 5 prósent komast inn.

„Til að komast inn í Harvard þarf maður að þora að vera aðeins öðruvísi. Langflestir sem sækja um eru hæstir í sínum bekk og fá fullkomna einkunn á inntöku-prófunum, en skólayfirvöld horfa á svo miklu meira en það. Þau spyrja hvað maður gerir með skólanum, um verðlaun, greinar, persónulegar ritgerðir og fimm meðmæla-bréf. Ég var alls ekki með hæsta meðaleinkunn en ég gat nefnt alls konar hluti sem ég hef gert með skóla, eins og að stofna fyrirtæki,

skipuleggja loftslagsverkföllin og formennsku í Sambandi íslenskra framhaldsskólanema. Í ritgerðinni skrifaði ég um ferð mína í jarðarför jökulsins Oks, sem gaf mér örugglega forskot. Það er því engin ein formúla til að komast inn í Harvard og allir mínir bekkjarfélagar, sem ég er þegar byrjuð að eiga samskipti við, eru af ólíkum bakgrunni og með mismunandi áhugamál.“

## Ekki íslensk Gréta Thunberg

Þótt Gunnhildur verði ekki full-orðin fyrr en í maí hefur hún afreka ótal margt.

„Stoltust er ég af loftslagsverkföllunum og baráttunni gegn hamfarahlýnun sem við öll stöndum í. Það skemmtilegasta við verkföllin er að þar kemur saman hreyfing fólks með ólíkan bakgrunn en sameiginlegt markmið. Saman höfum við náð að berjast fyrir auknum aðgerðum gegn loftslagsmálum og ríkisstjórnin hefur tekið okkar sjónarmið inn í myndina þótt enn sé langt í land,“ segir Gunnhildur sem leitt hefur loftslagsverkföll íslenskra ungmenna síðan í febrúar í fyrra.

Henni er stundum líkt við sænska aðgerðasinnann Grétu Thunberg.

„Gréta veitir mér mikinn innblástur og þá aðallega hvað hún er óhrædd og yfirveguð. Að líkja mér við Grétu er kannski ekki alveg rétt, enda erum við öll saman í loftslagsverkföllun. Umhverfissvitund mín kemur frá því að vera íslendingur og að elska jörðina eins og aðrir elska fánann. Ég hef sterka réttlætiskennd og hamfarahlýnun mun eingöngu auka við öjöfnuð í heiminum. Því geta allir fundið ástæðu til að berjast gegn loftslagsbreytingum, hvort sem það er vegna dýrasjónarmiða eða hagkerfissjónarmiða, því hamfarahlýnun gæti ollið stærsta hrúni fyrr og síðar.“

Gunnhildur segir ljóst að mengun í heiminum hafi farið dvínandi í kjölfar þess að verksmiðjur heimsins eru komnar í pásu vegna COVID-19 faraldursins.

„Ef hægt er að segja eitthvað jákvætt um ástandið er það að það kennir okkur hvað það er þægi-legt að draga úr hraðanum, vera heima og njóta augnabliksins. Hröð viðbrögð heimsins við veir-unnir sýna

“Mamma og pabbi hafa alltaf verið dugleg að tala við okkur krakkana um stjórnmál og mannréttindi, og kennt mér að hver sem er geti haft áhrif.“

okkur líka að það er hægt að taka til röttækra aðgerða á alþjóðavísu, eitthvað sem við þurfum að gera gegn hamfara-hlýnun. Ísland gæti verið þar til fyrirmyndar eins og núna, með faglegum viðbrögðum og öflugum upplýsingaflæði. Við getum ekki haldið áfram lífinu eins og það var áður þegar við náum loks stjórn á COVID-19. Við þurfum að snúa okkur að næstu krísu sem getur einfaldlega ekki beðið lengur.“

## Engin ofurkona

Í Tækniskólanum stofnaði Gunnhildur fyrirtækið Ró-box með fjórum samnemendum sínum. Ró-box selur róbóta-kit fyrir krakka og var í fyrra valið fyrirtæki ársins í samkeppni Ungra frumkvöðla.

„Ég held að frumkvöðullinn í mér hafi brotist fram þegar ég fann hvað það var gaman að sjá hugmyndir sínar verða að veruleika. Með vinum tók ég þátt í Gullegginu hjá Icelandic Startups þrátt fyrir að við vissum lítið um stofnun fyrirtækja en með því að gefa verkefninu blöð, svita og tár, svefnlausar nætur og allt sem við áttum, enduðum við í 2. sæti og uppskárur helling af reynslu. Þrátt fyrir að það fyrirtæki sé ekki til í dag hjálpaði reynslan miknið þegar við stofnuðum annað fyrirtæki, Ró-box, sem starfar enn. Í raun er hægt að vera frumkvöðull á svo marga aðra vegu en bara að stofna fyrirtæki. Mér finnst frumkvöðull vera sá sem fer óhefðbundna leið að því að leysa vandamál og þorir að koma henni á framfæri,“ segir Gunnhildur.

Hún vakti líka mikla athygli sem fulltrúi ungu kynslóðarinnar á eldheitum borgarafundi RÚV um loftslagsmál í nóvember.

„Mörgum kom á óvart að unglingsstúlka hefði svo sterkar skoðanir, en ég held að fólk eigi alveg að venjast því að að stelpur

geti látið til sín taka. Mamma og pabbi hafa alltaf verið dugleg að ræða við okkur krakkana um stjórnmál og mannréttindi, og kennt mér að hver sem er geti haft áhrif,“ segir Gunnhildur.

Foreldrar hennar eru Ragnheiður Eiríksdóttir, heimspekikennari og Hallgrímur Óskarsson, verkfræðingur og lagahöfundur.

Gunnhildur gengst ekki við því að vera ofurkona, þótt fjölbær og komin í Harvard, aðeins 17 ára.

„Nei, ég hef mína galla rétt eins og aðrir. Framtíðardraumarnir snúast um að veita aðstoð við að stoppa jarðhlýnun á sem bestan hátt. Ég kemst brátt að í það verkefni, hvort sem það verður í pólitík eða á sviði frumkvöðla. Ég hef ekki hugmynd um hvað tekur við eftir Harvard en ég hugsa að ég haldi áfram að reyna mig við áskoranir. Það skiptir mig máli að velja viðfangsefni sem varða aðra meira máli en bara mig. Ég hef því ákveðið að velja mér vandamál í heiminum til að vinna að í stað þess að velja mér ákveðið starfssvið eða fag. Ég valdi hamfarahlýnun, sem að mínu mati leiddi að inngöngu minni í Harvard og Yale, en það er hægt að velja hvaða vandamál sem er. Þegar ég vinn að vandamáli fyrir aðra finn ég alltaf stærri tilgang. Ég sé að ég er að gera eitthvað sem skiptir máli og það leiðir til velgengni.“

## Hugrekki kemur manni langt

Í fristundum þykir Gunnhildi best að leyfa huganum að slaka á.

„Þá sest ég oft við pianóid og spila lög sem mér þykir skemmtileg. Mér þykir líka gaman að vera úti með hundinum mínum, fara í fjallgöngu og elda mat með fjölskyldunni,“ segir Gunnhildur og hefur eftirfarandi skilaboð til unga Íslands:

„Það sakar ekki að reyna. Ég hafði ekki hugmynd um að ég kæmist inn í Harvard og Yale og var næstum hætt við að sækja um. Það kostar smá hugrekki að velja aðra leið en vinirnir, en að móta sína eigin leið, í stað þess að fylgja öðrum, kennir manni svo margt,“ segir Gunnhildur sem hefur svo sannarlega mótað sína leið í lífinu. Hún hefur meira að segja farið í geimþjálfun.

„En ég hugsa að ég sé ekki á leiðinni út í geim. Jörðin er svo yndisleg.“

## SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



## Nýjar umbúðir

Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteinnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)


Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618



# Fasteignablaðið

13. TBL. MÁNUDAGUR 30. MARS 2020

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



## heimili

fasteignasala  
á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



**588 477**  
Síðumúla 27  
www.valholl.is

Reykjavík  
Snæfellsbæ  
Höfn Hornafirði

**Framúrskarandi fyrirtæki**  
Nútímaleg, kraftmikil og framsækinn fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

## Fjölskylduíbúð í Grafarvoggi

Fold fasteignasala, s. 5521400 kynnr: Falleg mikið endurnýjuð 3ja-4ra herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi að Flétturima 9.

Forstofa með flisum á gólfi. Inn af forstofu er fengið inn í eldhús og í svefnherbergjagang og beint áfram í stofu. Falleg nýleg innrétting í eldhúsi, stór og rúmgöð. Innréttingin er víðarlitúð og sama útlit er á innréttingu í eldhúsi, baði og fataskápum. Keramik helluborð og AEG uppþvottavél, ísskápur er inni í innréttingu. Eldhúsið var flísalagt og uppert árið 2014. Stofan er rúmgöð og harðparket á gólfi. Þaðan er útgengt út á hellulagða verönd sem er afgirt með hárrí girðingu. Til vinstri úr stofu er stuttur gangur þar sem beint á móti er svefnherbergi og síðan hjónaherbergi. Við hliðina á hjónaherberginu er baðherbergi og þvottahús. Svefnherbergin eru tvö og eru þau bæði parketlögð með stórum fataskápum, einfaldur skápur er í herbergi við hliðina á forstofu, ein og hálf breidd er á fyrsta herbergi inn af stofu og tvöfaldur fataskápur er í hjónaherbergi. Gluggalaust herbergi með loftræstiviftu er við forstofu, það er í dag notað sem þriðja svefnherbergið. Baðherbergið er með flíslögðu gólfi, þar er rúmgöð innrétting með stórum vaski og baðkar með sturtu.

Stæði fylgir í bílageymslu í kjallara. Það er staðsett næst hurðinni inn í húsið og þar við hliðina er slanga til þvotta á bifreiðum. Einnig eru



Íbúðin er á fyrstu hæð með lokaðri verönd.

þar öryggismyndavélar. Sameiginleg vagna- og hjólageymsla. Eignin er vel skipulögð og hentar því fyrir fjölskyldufólk, nýlegur leikvöllur við húsið. Stutt í leikskóla, grunnskóla og alla þjónustu, glæsileg íbúð í mikið endurnýjuðu húsi.

Nánari upplýsingar hjá Fold fasteignasölu, Sóltúni 20, 105 Reykjavík. fold@fold.is Sími 552 1400 / utan skrifstofutíma: Viðar 694-1401, Einar 893-9132, Gústaf 895-7205. Vinsamlegast bókið einkaskoðun: Eignin er sýnd samdægurs.

EINAR PÁLL KJÆRNSTED LÖGG. FASTEIGNASALI  
KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • WWW.FASTMOS.IS

**Svanþór Einarsson**  
Lögg. Fasteignasali • S: 698-8555

**Sigurður Gunnarsson**  
Lögg. Fasteignasali • S: 899-1987

### Gerplustræti 31, íb. 202 Mos



Mjög falleg 96,2 m<sup>2</sup>, 4ra, herbergja íbúð á 2. hæð með fallegu útsýni, ásamt bílastæði í bílageymslu, í lyftuhúsi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi/þvottaherbergi, eldhús og stofu. Fallegar innréttingar og gólfefni. Skjólögðar svalir í vesturátt með fallegu útsýni. **V. 48,9 m.**

### Grundarstígur 11 - 101 RVK



59, 2m tveggja herbergja íbúð á jarðhæð. Eignin skiptist í stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og geymslu. **V. 29,9 m.**

### Arkarholt 12 - 270 Mos



Fallegt 185,3 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með rúmgöðum bílskúr á stóri lóð við Arkarholt 12 í Mosfellsbæ. Fjögur svefnherbergi. Timburverönd í suðvestur og stórt bílplán á 1006 m<sup>2</sup> lóð. Skipt var um járn og pappa á þaki árið 2018. **V. 75,9 m**

### Blikahöfði 3 - 270 Mosfellsbær



86,1 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð með afgirtir hellulagðri verönd, ásamt 29,2 m<sup>2</sup> bílskúr. Íbúðin skiptist í stofu, eldhús, sjónvarpshol, tvö svefnherbergi, baðherbergi og geymsla/þvottahús. Sérgeymsla í kjallara. Bílskúrin er rúmgöður endabílskúr með rafmagni, rennandi vatni og bílskúrshurða-opnara. **V. 45,9 m.**

### Vogatunga 81 - 270 Mosfellsbær



Nýtt 226,9 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Fullbúið að innan með grófjafnaðri lóð. Á jarðhæð er forstofa, bílskúr, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og geymsla. Á efri hæðinni er hjónaherbergi með fataherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa, borðstofa og sjónvarpsstofa (hægt að breyta í svefnherbergi). Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsið afhendist fullbúið að innan með grófjafnaðri lóð. **V. 79,9 m.**

### Merkurhraun 11 - Sumarhús



Hringdu og bókaðu skoðun

101,7 m<sup>2</sup> sumarhús á tveimur hæðum 3.841 m<sup>2</sup> eignarlóð í uppsveitum Árnessýslu, ca. 10 mínútna fjarlægð frá Selfossi. Eignin er skráð 101,7 m<sup>2</sup> og skiptist í neðri hæð 73,2 m<sup>2</sup>, svefnloft 28,5 m<sup>2</sup>. Til viðbótar er svo 12 m<sup>2</sup> gestahús sem ekki er inni í fermetraskráningu hússins. Húsið skiptist í anddyri, þvottahús, baðherbergi, stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi og sjónvarpsstofu. Við hlið hússins er gestahús með flisum á gólfi. Hellulögð verönd og gönguleið að húsinu. Timburverönd með heitum potti. Einnig er hægt að kaupa lóðina við hliðina, Merkurhraun 9 sem er í eigu sömu aðila. **V. 39,9 m.**

### Fljótasel 1 - 109 Reykjavík



Hringdu og bókaðu skoðun

241,4 m<sup>2</sup> endaraðhús með tveimur íbúðum og 23,3 m<sup>2</sup> bílskúr. Eignin er skráð 264,7 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 80 m<sup>2</sup>, íbúð 161,4 m<sup>2</sup> og bílskúr 23,3 m<sup>2</sup>. Tvennar svalir. Bílskúr sem fylgir er endabílskúr í sérstæðri bílskúralengju. Rólegur og góður staður í Seljahverfi, stutt er í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla. Komid er að viðhaldi og endurnýjun á eigninni. Gólfefni og innréttingar eru upprunarleg. **V. 74,9 m.**

### Klapparhlíð 4 - 270 Mosfellsbær



Hringdu og bókaðu skoðun

Bjart og fallegt 168,5 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum. Fallegt útsýni. Stór lóð með timburverönd í suðvesturátt. Hellulagð bílplán með hitalögn. Frábær staðsetning. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol (hægt að breyta í svefnherbergi), fataherbergi/vinnuherbergi, forstofu, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús/geymslu, stofu, borðstofu, eldhús og bílskúr. Stutt í leikskóla, grunnskóla, sundlaug/heilsurækt og golfvöll. **V. 81,9 m.**

### Úlfarsbraut 48, íbúð 101 - 113 Reykjavík



OPID HÚS

Opid hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

Mjög falleg 97,5 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi á góðum stað í Úlfarsárdalnum. Fallegt útsýni.

Góð staðsetning, leik- og grunnskóli er rétt við húsið. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús og

stofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara. **V. 47,9 m.**

# 102 REYKJAVÍK.IS

Smyrilshlíð 3-5 | Valshlíð 4, 6 og 8 | Fálkahlíð 2-4

- Sælureitur þar sem borgarlífið og náttúran mætast
- Öll þjónusta í göngufæri

NÝTT Í SÖLU  
Verð frá:  
**39.5 mkr.**



**Smyrilshlíð 3, íbúð 103**  
Verð: 54.9 milljónir  
3ja herb. - 90,6 m<sup>2</sup>  
Sér inngangi  
Stæði í bílageymslu fylgir

## Vandaðar íbúðir í 102 Reykjavík

- Glæsilegar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir
- Vandaðar ítalskar innréttingar, fataskápar ná upp í loft, innbyggður ísskápur og uppþvottavél fylgja
- Tveggja hæða bílakjallari, bílskúrar fylgja stórum íbúðum.
- Afhending fyrstu íbúða var í feb. 2020
- Sjá nánar á: [www.102reykjavik.is](http://www.102reykjavik.is)

## SÝNUM ALLA HELGINA EFTIR PÖNTUN Í 898 6106

Við virðum samkomubann og biðjum alla að panta skoðun fyrirfram í  
**GSM: 898 6106**



Sigurður  
Fasteignasali  
898 6106



Hafdis  
Fasteignasali  
820 2222



Dórothea  
Fasteignasali  
898 3326



Hrönn  
Fasteignasali  
692 3344



Helgi  
Fasteignasali  
780 2700



Darri Örn  
Aðst.maður  
fasteignasala  
767 0000



Þorgeir  
Fasteignasali  
696 6580

## EFSTALEITI - LÁGALEITI - VÖRÐULEITI

FYRSTU ÍBÚÐIR  
TIL AFHENDINGAR  
VOR 2020  
**VERÐ FRÁ:  
28,9 MILL.**



**LÁGALEITI 15, ÍBÚÐ 111**  
Herb. 2ja  
Stærð: 64 m<sup>2</sup>  
Bílakjallari  
**Verð: 44.900.000**



Helgi  
Fasteignasali  
780 2700



Darri Örn  
Aðst.maður  
fasteignasala  
767 0000



Dórothea  
Fasteignasali  
898 3326



Lilja  
Fasteignasali  
663 0464



Sigurður  
Fasteignasali  
898 6106



Ragnar  
Aðst.maður  
fasteignasala  
844 6516



**VERÐUM MEÐ KYNNINGU UM HELGINA  
HRINGIÐ OG PANTIÐ SKOÐUN Í GSM: 898 6106**

Við virðum samkomubann og biðjum alla að panta skoðun fyrirfram í GSM: 898 6106  
Fasteignasali mun taka á mótum hverjum og einum í sýningarsal að Efstaleiti 27

## SÍÐASTI ÁFANGINN KOMINN Í SÖLU!

Nú er lokaáfangi þessa nýja og eftirsóttu íbúðasvæðis kominn í sölu.

**SÝNUM DAGLEGA HRINGIÐ Í SÖLUMENN.** Glæsilegur sýningarsalur þar sem þú getur skoðað nánar teikningar, innréttingar, skilalýsingu og kynnst hverfinu, og rætt við fasteignasala og fundið réttu íbúðina.

Í Efstaleitinu rís nútímalegt íbúðahverfi á einum besta stað í borginni. Sannkallað miðbogar hverfi í göngufæri við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði. Íbúðirnar eru glæsilega innréttaðar. Rut Kára innanhússarkitekt sá um efnis- og litaval á innréttingum og flísum.



# MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson  
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 5520



Gunnar S. Jónsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 899 5856



Ólafur Finnbogason  
lögg. fasteignasali  
Sími: 822 2307



Atli S. Sigvarðsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 899 1178



Gunnar H. Einarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 615 6181



Svan G. Guðlaugsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 697 9300



Þórunn Pálsdóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson  
hdl. og lögg. fasteignasali  
Sími: 865 4120



Þröstur Þórhallsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 897 0634



